

43. ársþing Blaksambands Íslands 2015

Haldið í Reykjavík 16. maí

Þinggerð

Formaður BLÍ, Jason Ívarsson, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Í setningarræðu ræddi hann Smáþjóðaleikana sem framundan eru hér á landi. BLÍ mun sjá um tvær af ellefu íþróttagreinum sem verða á leikunum og er því mikið undir. Blakkeppnin fer fram í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og strandblakið verður á nýjum velli við Laugardalslaugina.

Undirbúningur hefur staðið undanfarið ár í góðri samvinnu við ÍSÍ. Það hefur gengið vel að fá fólk til að starfa við leikana en fjölmargir starfsmenn koma að hverjum leik. Í því sambandi nýtur hreyfingin góðs af reynslunni við að halda undankeppni Evrópumóts Smáþjóða fyrir ári. Það er von mín að sem flestir komi og njóti þessa einstaka viðburðar, sagði Jason og bætti síðan við:

Á síðasta ársþingi ræddi ég nokkuð um þá reynslu sem hreyfingin fékk af því að halda undankeppni Evrópumótsins fyrir ári. Þar sást til dæmis hvaða kröfur þarf að uppfylla til þess að kappleikur geti farið fram.

Það er aðeins hjá 2-3 félögum þar sem umgjörð heimaleikja er í góðu lagi. Hjá öðrum vantar mikið upp á að hún sé ásættanleg. Góð umgjörð hefur áhrif á ímynd, útbreiðslu og markaðssetningu íþróttarinnar.

Hreyfingin á enn töluvert verk óunnið í því sambandi og það verkefni verður reyndar sífellt í gangi.

Vissulega er horft til forystunar hvað sum þessara atriða varðar en hafa ber í huga að hreyfingin er ekki sterkari en félögin sem að henni standa. Allir þurfa að leggjast á eitt um það að koma upplýsingum um blakviðburði til fjölmiðla. Það á ekki síst við um úrslit leikja og það að uppfæra heimasíður með nýjustu upplýsingum og fréttum.

Versta dæmið um léleg vinnubrögð var þegar sjónvarpið gat ekki sýnt frá leik í fréttatíma vegna þess að fréttamennirnir gátu ekki nálgast úrslit leiksins hvernig sem þeir reyndu.

Blakhreyfingin þarf að sækja á fjölmiðlana og koma upplýsingum til þeirra í stað þess að bíða eftir að þeir sækji þær til okkar. Við þurfum að hafa allt okkar á hreinu og gera fyrst kröfur til okkar áður en við förum að gera kröfur til annarra.

Miðlun upplýsinga innan félaganna er ekki síður mikilvæg. Athugasemdakerfi netmiðlanna eru stundum full af heilagri vandlætingu sem, þegar betur er að gáð, eru oftast en ekki byggð á misskilningi, vanþekkingu og upplýsingaleysi.

Á síðasta ári voru ráðnir mjög hæfir erlendir þjálfarar til þess að þjálfra landslið karla og kvenna. Eitt af markmiðunum með ráðningu þeirra er að koma blakinu á landinu á annað og betra stig. Eitt af verkefnum sem þeir hafa haft hönd í bagga með að

hleypta af stokkunum er að vinna með unga og efnilega leikmenn af báðum kynjum. Þessi vinna mun væntanlega skila sér í betri leikmönnum þegar fram í sækir.

Framtíð íþróttarinnar er að sjálfsgöðu fólgin í því að fá unga iðkendur til liðs við hana. Það er í höndum félaganna í landinu að fá sem flesta til liðs við sig. Samkeppni á milli íþróttagreina fer sífellt vaxandi. Þess vegna er það enn meira áriðandi að félögin standi sig vel í utanumhaldi, aðstöðusköpun, þjálfun og allri umgjörð íþróttarinnar og geri hana sem áhugaverðasta.

Það er áhugavert að skoða tölfræði yfir iðkendur blaks á landinu sem er aðgengileg hjá ÍSÍ. Þar kemur m.a. fram að frá árinu 1994 hafa kvenkyns iðkendur alltaf verið fleiri en karlkyns iðkendur. Frá árinu 2004 hefur iðkendum farið sífellt fjölgandi og eru nú um 3000 talsins.

Ef aldursskiptingin er skoðuð þá kemur í ljós að meirihluti iðkenda er á aldrinum 30 til 50 ára og þar erum við í hópi með iðkendum í golfi, hestamennsku og skotíþróttum. Það sem mesta aðhygli vekur er það að innan vébanda Íþróttabandalags Reykjavíkur eru aðeins skráðir 4 karlkyns iðkendur yngri en 15 ára. Þetta er þörf og grafalvarleg áminning fyrir félögin í Reykjavík að bæta þar úr. Vert að minna á það að það þarf a.m.k 6 leikmenn til þess að ná í lið.

Það má segja að allt orki tvímælis þá gert er. Stjórn Blaksambandsins hefur að sjálfsgöðu hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í störfum sínum. Á undanförunum misserum hefur á stundum gætt vissrar óánægju og þirringis vegna sumra ákvarðana stjórnarinnar, þá helst þegar ákveðnir eru keppnisstaðir fyrir hin ýmsu mót hreyfingarinnar.

Stjórnin hefur eftir fremsta megni gætt jafnræðis á milli landshluta, höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, í ákvörðunum sínum. Hámarki náði þessi óánægja síðastliðið haust þegar félögin á höfuðborgarsvæðinu mótmæltu þeirri ákvörðun stjórnarinnar að halda undankeppni bikarkeppninnar í Neskaupstað og hótuðu því að mæta ekki til leiks þar eystra.

Ég vil trúá því að þessi dæmalausá hótun hafi verið sett fram að illa ígrunduðu máli og dæmið ekki verið hugsað af raunsæi til enda. Stjórnin stóð við fyrri ákvörðun sína því annars hefði að mínu mati verið sjálfhætt.

Ég endurtek það að stjórn sambandsins vinnur með heildarhagsmuni hreyfingarinnar að leiðarljósi en geri mér fyllilega grein fyrir því að þeir samrýmast ekki alltaf tiltölulega þröngum hagsmunum fárra.

Á síðasta ársþingi reifaði ég þá hugmynd að halda ársþing sambandsins annað hvert ár líkt og sífellt fleiri sérsambönd gera.

Mörg undanfarin ár hefur starf sambandsins verið í föstum skorðum og ekki um neinar meiriháttar breytingar á lögum né reglugerðum að ræða

Árið á milli þinga yrði þá haldinn formannafundur þar sem lagðir væru fram endurskoðaðir reikningar ásamt nauðsynlegum breytingum á reglugerðum.

Ég vil beina því til ykkar að hugsa þann möguleika að halda ársþing annað hvert ár.

Mjög gott blakár er að baki og spennandi tímar framundan. Stjórn BLÍ þakkar ykkur sem eruð í forystusveit íslensks blaks fyrir störf ykkar á árinu og gott samstarf. Það er fyrir ykkar störf sem blakið er á þeim stað sem það er í dag og þið eigið hrós skilið fyrir ykkar óeigingjörnu störf.

Ársþing BLÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Þið þingfulltrúar eruð fulltrúar íþróttastarfseminnar heima í héraði. Ég býð ykkur velkomna til starfa á þinginu og vona að það verði málefnalegt.

Með það í huga segi ég 43. ársþing Blaksambands Íslands sett.

1. Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Formaður BLÍ bar upp tillögu þess efnis að Jón M. Ívarsson verði þingforseti og Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jón M. Ívarsson tók síðan við stjórn þingsins.

Hann tilkynnti að til þingsins hafi verið boðað löglega og það sé því lögmætt og þingstörf geti hafist.

2. Kosning í starfsnefndir þingsins

Þingforseti gerði tillögu um breytingar á nefndaskipan v/fjölda tillagna. Tilnefndir voru formenn í allsherjarnefnd, leikreglnanefnd og laganefnd. Auk þess starfa fjárhagsnefnd, kjörbréfanefnd og uppstillinganefnd á þinginu.

- a. Kjörbréfanefnd; Stefán Jóhannesson stýrir henni og með honum starfa Steinn Einarsson og Brynja María Ólafsdóttir.
 - b. Fjárhagsnefnd; Sævar Már Guðmundsson stýrir nefndinni.
 - c. Laganefnd; Jason Ívarsson stýrir nefndinni
 - d. Leikreglnanefnd; Sigurbjörn Árni Arngrímsson stýrir nefndinni.
 - e. Allsherjarnefnd; Stefán Jóhannesson stýrir nefndinni.
 - f. Uppstillingarnefnd; Kristján Geir Guðmundsson stýrir nefndinni.
- Þingforseti bað þingfulltrúa að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum sem eru í salnum.

3. Skýrsla síðasta starfsárs

Jason Ívarsson, formaður BLÍ, flutti skýrslu stjórnar og mæltist á þessa leið:

Núverandi stjórn sem kjörin var á síðasta ársþingi hélt 8 bókaða stjórnarfundum á starfsárinu. Þess á milli höfðu stjórnarmenn töluverð samskipti sín á milli með tölvubréfum og símtölum.

Mótahald gekk vel á tímabilinu þrátt fyrir að veðurenglarnir hafi gert keppnisfólki erfitt fyrir á köflum. Alls var 561 opinber blakleikur leikinn á tímabilinu, þar af voru 530 leikir í deildar- og úrslitakeppni og 31 leikur í bikarkeppninni sem er örlítill fækkun frá fyrra ári.

Keppt var í sex deildum í kvennaflokki og þremur deildum í karlaflokki.

Eðli máls samkvæmt fer mikill tími mótanefndar og framkvæmdastjóra sambandsins í það að halda utan um mótahaldið. Mótanefnd er í eðli sínu íhaldssöm og gerir ekki breytingar á fyrirfram ákveðnum leikdögum nema brýna nauðsyn beri til. Það verður hreyfingin að skilja. Keppni yngri flokka gekk einnig vel að venju. Keppendum fer fjölgandi og því var keppnisfyrirkomulagi breytt frá fyrri árum. Afreks- og hæfileikabúðir voru einnig haldnar fyrir unga og efnilega leikmenn.

Um undankeppni bikarkeppninnar hef ég ekki frekari orð en úrslitahelgin sem fór fram í Laugardalshöllinni tókst með ágætum. RÚV sýndi báða úrslitaleikina í beinni útsendingu en fyrir það þarf að greiða fullu verði. Umgjörðin í Höllinni er góð en það þarf að kosta töluverðu til. Hingað til hefur tekist að reka bikarkeppnina réttu megin við núllið. Það sem helst vantar í bikarúrslitin eru fleiri áhorfendur. Það má spyrja; hvar eru allir þessir rúmlega 1000 öldungar sem keppa á Öldungamótunum?

Nýafstaðið Öldungamót fór fram í umsjá Þróttar í Neskaupstað. Heimamenn komust mjög vel frá framkvæmd mótsins þótt ekki blési byrlega í byrjun þar sem veðrið setti mjög stórt strik í reikninginn. Með samstilltu átaki, mikilli vinnu og félagslegum þroska þá var öllu bjargað sómasamlega í tæka tíð.

Strandblakið á sífellt meiri vinsældum að fagna hér á landi. Það er gaman að segja frá því á erlendri grundu hversu þátttaka í strandblaki er mikil á landinu. Það var mikil viðurkenning fyrir íslenskt strandblak þegar Elísabet Einarsdóttir var valin efnilegasti strandblakari Danmerkur á síðasta ári.

Karl Sigurðsson formaður strandblaksnefndar BLÍ til margra ára ásamt félagum sínum Einari Sigurðssyni hafa nú ákveðið að draga sig í hlé frá stjórnunarstörfum strandblaksins. Þeim félögum líkt og öðrum frumkvöðlum strandblaksins verður seint fullþakkað fyrir þeirra framlag og munu eftirmenn þeirra njóta góðs af starfi þeirra í langan tíma.

Unglingalandsliðin tóku að venju þátt í NEVZA keppnum U-17 og U-19 ára flokkum. U-19 ára keppnin var haldin í lkast í Danmörku. Bæði liðin lentu í 5. sæti í mótinu.

U-17 ára keppnin fór fram í Kettering í Englandi. Drengirnir lentu í 6. sæti en stúlkurnar náðu 5. sæti.

Eina verkefni karlalandsliðsins fram til þessa var þátttaka í Novotel Cup í Luxemborg í byrjun árs. Liðið atti þar kappi við lið frá Noregi, Danmörku, Sviss auk liðs heimamanna. Andstæðingarnir reyndust of stór biti fyrir okkar menn og lentu þeir því í neðsta sæti í mótinu. Reynslan af þátttökunni er hins vegar dýrmæt og mun nýtast í framtíðinni.

Í næstu viku mun landsliðið fara í keppnisferð til Færeyja sem mun nýtast í undirbúningi fyrir Smáþjóðaleikana.

A-landslið kvenna tók einnig þátt í Novotel Cup. Liðið keppti við lið frá Liechenstein, Luxemborg auk U-19 ára liðs Danmerkur. Þrátt fyrir jafna leiki þá endaði liðið í neðsta sæti mótsins.

Fyrir tilstuðlan landsliðsþjálfara kvenna, Daniele Capriotti, fóru 18 leikmenn A-landsliðsins og U-19 liðsins í æfinga- og keppnisferð til Ítalíu um páskana. Þessi ferð tókst með ágætum og var góður þáttur í undirbúningi landsliðsins fyrir Smáþjóðaleikana.

Keppni yngri flokka gekk vel á árinu og ánægjulegt er að sjá að fleiri félög eru að senda liðsmenn sína til keppni.

Mikil þátttaka var á árinu í afreks- og hæfileikabúðum BLÍ fyrir unga og efnilega leikmenn sem voru í umsjá Yngriflokkaneftdar BLÍ.

Í samvinnu við landsliðsþjálfara kvenna þá tók stjórn BLÍ þá ákvörðun að beina kröftum og athygli að 14 og 15 ára stúlkum í hreyfingunni. Verkefnið er farið af stað og markmiðið er að þessi hópur æfi reglulega á sínum heimaslóðum og hittist svo þess á milli á sameiginlegum æfingum. Þetta fyrirkomulag á svo að ganga áfram þannig að leikmenn á þessum aldri fái sem besta tilsögn og kennslu þegar þeir eru á þeim aldri þegar hvað best er að móta hæfileika þeirra. Nú á vordögum er hafið samskonar starf fyrir drengi.

Á síðasta leiktímabili var mikið rætt um dómarskort í hreyfingunni. Nokkuð hefur áunnist í því að fjölga dómurum á þessu tímabili. Sem fyrr er það á ábyrgð félaganna að senda liðsmenn sína á dómara námskeið. Ólíkt fyrri árum þá fóru flestir þeirra sem tóku dómarspróf á þessu ári að dæma í deildarkeppninni og með sama áframhaldi þá tekst vonandi að bæta úr tilfinnanlegum dómarskortum.

Sú nýbreytni var tekin upp að velja úrvalsið fyrri hluta Íslandsmótsins. Verðlaunin voru afhent á blaðamannafundi í desember um leið og blakfólki ársins voru afhent verðlaun sín.

Blakkona ársins var valin Elísabet Einarsdóttir úr HK. Hún varð bikarmeistari með sínu félagi auk þess að vera valin efnilegasti leikmaður Úrvalsdeildarinnar. Elísabet

keppti einnig í dönsku mótaröðinni í strandblaki og stóð sig svo vel að hún var valin efnilegasti strandblakmaðurinn í Danmörku.

Blakmaður ársins var valinn Hafsteinn Valdimarsson, leikmaður með Marienelyst í Danmörku. Hann varð bæði bikar- og Danmerkurmeistari með liði sínu. Auk þess var hann burðarás í íslenska landsliðinu.

Að þessu sinni var ekki haldin hefðbundin árs- og uppskeruhátíð sambandsins. Það helgaðist annars vegar af nýrri uppröðun Íslandsmótsins og hins vegar af því að ekki var rými fyrir hana í dagatalinu. Þess í stað var haldinn blaðamannafundur við lok deildarkeppninnar þar sem þeim sem voru valdir í lið Mizunodeildarinnar voru afhent verðlaun sín. Þar að auki voru valdir bestu og efnilegustu leikmenn deildarinnar að ógleymdum besta dómara keppnistímabilsins.

Formaður BLÍ sótti þing Alþjóðasambandsins sem var haldið á Sardiníu síðastliðið haust. Hann fór einnig á ársþing Evrópusambandsins sem var haldið í Tyrklandi. Í sambandi við það þing voru einnig ársfundir NEVZA og SCD.

Framkvæmdastjóri BLÍ fór á tæknifund NEVZA sem haldinn var í Finnlandi í desember.

Velta sambandsins jókst á milli ára og var rúmlega 42 milljónir á síðasta ári og reksturinn var réttu megin við núllið enda er aðhalds gætt í öllum þáttum rekstursins. Niðurstöðutölur ársreikningsins eru ásættanlegar þegar tekið er tillit til þess að sambandið réðist í stærsta verkefni sitt frá upphafi þegar undankeppni Evrópumóts Smáþjóða var haldin hér á landi.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem störfuðu að blakmálum á landinu á síðasta starfsári. Þar má nefna mótshaldara, dómara, nefndarmenn sambandsins, stjórnarmenn blakdeilda, svo og aðra stuðnings- og styrktaraðila. Þeir eru helstir Icelandair group, Altis ehf umboð Mizuno á Íslandi, Síminn, Securitas, Þekking og Kjörís. Ég vil einnig þakka gott samstarf við íþróttahreyfinguna í landinu og þá sérstaklega samstarfið við ÍSÍ og bið fulltrúa þeirra að koma þeim þökkum til skila.

Framkvæmdastjóri BLÍ fær einnig bestu þakkir fyrir gott samstarf. Það hefur mætt mikið á honum að undanförunu bæði við undirbúning þessa ársþings og þá ekki síður undirbúning Smáþjóðaleikanna.

Að lokum þakka ég þeim stjórnarmönnum sem störfuðu með mér á tímabilinu svo og öllum þeim sem aðstoðuðu stjórn BLÍ á einn eða annan hátt.

4. Reikningar síðasta starfsárs

Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ las upp ársreikninga og skýrði þá.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Fríða Sigurðardóttir spurði um tekjur vegna unglíngalandsliða. Svar; tekjuliðurinn samanstendur af framlagi landsliðsmanna vegna ferða.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

Næst gerði Stefán Jóhannesson grein fyrir starfi kjörbréfanefndar. Kjörbréf fyrir 5 aðildarfélög höfðu borist:

ÍBA (7 fulltrúar), 1 mættur: Karl Matthías Valtýsson.

HSK (5), 4 mættir: Jason Ívarsson, Sigurbjörn Árni, Arngrímsson, Gunnhildur Hinriksdóttir og Kristján Geir Guðmundsson.

UMSK (25), 18 mættir: Zdravko Demirev, Eyrún Harpa Hlynsdóttir, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Valgeir Hilmarsson, Guðný Rut Guðnadóttir, Fríða Sigurðardóttir, Sigurður Árnason, Rögnvaldur Johnsen, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Brynjar Júlíus Pétursson, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, S. Grétar Eggertsson, Steinn Einarsson, Brynja María Ólafsdóttir, Torfi Jóhannsson, Ragnheiður Valgarðsdóttir.

ÍBR (13), 11 mættir: Erla Bjarný Jónsdóttir, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Jón Ólafur Valdimarsson, Sunna Þrastardóttir, Óskar Hauksson, Helga S. Hauksdóttir, Einar Ólafsson, Hildur Mósesdóttir, Auður Jónsdóttir, Gunnþór J. Matthíasson, Birgitta Björgólfsson.

UÍA (9), 1 mættur: Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir.

Alls voru 34 þingfulltrúar mættir af 81 sem eiga rétt á að sitja þingið. Það þýðir að 18 fulltrúar mynduðu meirihluta á þinginu. Enginn fer með 3 atkvæði. Ef þingfulltrúar mæta seint skulu þeir tilkynna sig til kjörbréfanefndar með kjörbréf.

Kjörbréfanefnd lagði til að kjörbréfin yrðu samþykkt. Samþykkt einróma

5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Helga Steinunn Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ ávarpaði þingheim. Hún þakkaði góða og vandaða ársskýrslu sambandsins og fagnaði myndum vegna Smáþjóðaleika á forsíðu. Tók eftir því sérstaklega að vel sé unnið úr fjármálunum og óskaði BLÍ til hamingju með góða afkomu. Helga talaði um fjölda verkefna hjá ÍSÍ um þessar mundir, norræn lýðheilsuverðlaun sem ÍSÍ fékk síðastliðið haust. Smáþjóðaleikar á næsta leiti og tilhlökkun að sjá þá verða að veruleika, sérstaklega hvernig mun ganga í strandblaki og blaki. ÍSÍ er með landsliðsfólk í mörgum leikum, nýafstaðnir leikar í Liechtenstein, Vetrarleikar Evrópu æskunnar og svo nýjustu leikarnir, Evrópuleikar í Baku í lok júní. Smáþjóðaleikarnir okkar

verða tímamótaleikar. Það er nánast allt í göngufæri hér í Laugardalnum en golf er í fyrsta sinn á leikunum og verður leikið á Korpuvelli. Skotkeppni fer fram í Álfsnesi og tennis í Kópavogi.

6. Ávarp annarra boðsgesta Enginn bað um orðið

7. Rekstraráætlun fyrir árið 2015

Sævar Már Guðmundsson lagði fram rekstraráætlun 2015. Henni vísað til fjárhagsnefndar.

8. Laga- og leikreglnabreytingar

Kristján Geir Guðmundsson lagði fram reglugerð um félagaskipti. Lagt til að henni sé vísað í laganefnd þingsins.

Sævar Már Guðmundsson lagði fram nýja reglugerð um búninga. Lagt til að henni sé vísað í leikreglnanefnd.

Björn Guðbjörnsson lagði fram breytingatillögu að lögum BLÍ. Henni vísað til laganefndar.

Jason Ívarsson lagði fram breytingatillögu að 14. grein laga BLÍ. Henni vísað til laganefndar.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson lagði fram fjórar tillögur að reglugerð um bikarkeppni BLÍ (sjá í viðauka). Vísað til leikreglnanefndar.

Stefán Jóhannesson lagði fram Afreksstefnu BLÍ til umræðu í allsherjarnefnd.

Stefán Jóhannesson bað um samþykki fyrir því að Björg Erlingsdóttir yrði bætt við kjörbréf UMSK. Samþykkt einróma. Þingfulltrúar UMSK því samtals 19 á þinginu og fulltrúafjöldi kominn í 35 talsins.

9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Þingforseti bað þingheim leyfis til að lögð yrði fram tillaga frá Ólafi Jóhanni Júlíussyni. Þingheimur samþykkti.

Kristján Geir Guðmundsson flutti tillögu frá Ólafi Jóhanni Júlíussyni um leikmannasamninga og félagaskipti. Tillögunni vísað til laganefndar.

10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, fulltrúi ÍBR, spurði um búningatillöguna. Beindi því til BLÍ að setja ekki yngriflokka inn í þessa reglugerð, þ.e. sýna meiri sveigjanleika hjá yngriflokkum heldur en í efri deildum.

Sævar svaraði stuttlega og lýsti því sérstaklega að félögin verði að taka á sínum málum, það sé of oft sem myndir frá yngriflokkamótum sýni að almennum búningareglum sé ekki fylgt, t.d. með vali á stuttbuxum. Það eigi kannski að vera svartar stuttbuxur við rauðan búning en svo sé einn í bláum stuttbuxum í 6 manna liði.

Sigurbjörn Árni ræddi stuttlega um reglugerðina og taldi hana góða en benti einnig á að einhver slaki þyrfti að vera en félögin verði þó að virða íþróttina með að vera í samstæðum búningum.

Jason Ívarsson ræddi um umgjörð liðs, umgjörð keppni og það að bera virðingu fyrir leiknum. Ræddi bikarkeppnisreglugerðina lítillega.

Torfi Jóhannsson sagðist sitja hér í fyrsta sinn og kæmi nú hér upp sem foreldri. Það eru mismunandi reglur eftir greinum og ef fólk á barn í handbolta, fótbolta og blaki þá er líklegt að barnið eigi bara 1 búning. Foreldrar geta ekki borgað allt.

Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir. Ræddi um bikarkeppni sem aukakeppni þar sem ætti í sjálfu sér að vera markmið að hafa fleiri lið. Það þarf að hætta að raða í styrkleika eftir Íslandsmótinu og hafa bikarkeppnina alveg sér. Það þarf að fá fleiri lið inn í bikarkeppnina og reyna allt til þess að það gangi.

Umræðum um framkomin mál lokið kl. 10.35.

Fyrir þinghlé sæmir Jason Ívarsson formaður BLÍ Óskar Hauksson silfurmerki BLÍ.

Þinghlé. Forseti tilkynnir þinghlé kl. 10.35. Hádegisverður í boði BLÍ verður til reiðu kl.11.30 og áætlað að þingstörf hefjist að nýju eftir kl. 12.00.

11. Nefndarstörf – hefjast kl. 10.40

12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Þingstörf hefjast að nýju kl. 12.30. Þingforseti kallar eftir álitum nefnda

Formaður fjárhagsnefndar, Sævar Már Guðmundsson

Þingskjal 1: Rekstraráætlun 2015, borin upp og samþykkt óbreytt út úr nefnd.

Formaður laganefndar, Jason Ívarsson

Þingskjal 2: Reglugerð um félagaskipti. Tillagan kom breytt úr laganefnd að því leyti að ákveðin tala um gjald v/félagaskipta sé tekin út og að stjórn ákveði og tilkynni ár hvert fyrir 1. júní um gjald v/ félagaskipta.

Valgeir Hilmarsson, fulltrúi UMSK kom með ábendingu um að það væri mikilvægt að viðkomandi sem skilar inn félagaskiptum fái staðfestingu á móttöku.

Grétar Eggertsson, fulltrúi UMSK kom með ábendingu vegna opnunartíma skrifstofu að hann verði lengdur á lokadegi félagaskipta.

Tillagan lögð fram til samþykktar með breytingum. Samþykkt einróma.

Þingskjal 3: Tillögur Björns. Laganefndin leggur til að vísa því til stjórnar BLÍ að skipa laganefnd sem fer yfir Lög BLÍ og skili tillögum inn fyrir næsta ársþing. Enginn kvaddi sér hljóðs vegna þessa. Því var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4: Tillaga um breytingu á 14. grein. Lagt er til að þessi breyting verði samþykkt óbreytt. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5: Tillaga um leikmannasamninga og félagaskipti. Hér er um stórt mál að ræða sem þarf að undirbúa betur en þingtíminn er knappur. Nefndin var því sammála um að vinna þurfi reglugerðina mun betur og forvinna ýmsa hluti tengda þessu máli. Lagt til að vísa tillögunni til stjórnar BLÍ til úrvinnslu sem skili af sér fyrir næstu leiktíð sem hefst þann 15. september.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson kvaddi sér hljóðs vegna málsins. Hann taldi þetta vera blakinu til framdráttar og beindi því til stjórnar að íhuga málið vandlega. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir kvaddi sér hljóðs. Henni fannst hér vera um gott mál að ræða og áréttaði jafnframt að það þurfi að vera til staðlaðir leikmannasamningar sem félögin geti nýtt sér.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Formaður leikreglanefndar, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Þingskjal 6: Reglugerð um búninga. Nefndin skilaði álit sínum með breytingum á reglugerðinni (sjá viðauka).

Hrafnhildur Theódórsdóttir spurði um viðurlög sé reglugerðin brotin.

Sigurbjörn Árni svaraði því þannig að dómari leiks gæti hæglega meinað leikmanni eða liðinu að spila ef ekki væri farið eftir reglugerðinni.

Guðrún Kristín Einarsdóttir minnti á að hafa númerin mjög greinanleg, þ.e. að númerin séu ekki í sama eða svipuðum lit og búningurinn sjálfur.

Kristján Geir Guðmundsson sagði að það vantaði viðurlög við því ef lið eigi ekki eða fái sér ekki varabúninga.

Tillaga um nýja reglugerð um búninga borin upp og samþykkt með meginþorra atkvæða.

Þingskjal 7: Reglugerð um bikarkeppni BLÍ. Nefndin hafði 4 tillögur til að velja úr. Fundarmenn vildu hreinlega ekki halda núverandi fyrirkomulagi og sættist nefndin á það að velja tillögu nr. 3 í röðinni þar sem um útsláttarkeppni er að ræða. Breytingar voru gerðar á reglugerðinni sem kemur frá nefnd (sjá í viðauka).

Jason Ívarsson benti á að það sé varhugavert að binda upphæðir inni í reglugerðir, og vísar í það sem fyrr var ákveðið með að stjórn ákveði þátttökugjald fyrir 1. júní og hafi þessar tölur í skjalinu til leiðbeininga. Skilaði inn skriflegri breytingatillögu á þingskjali 7.

Rögnvaldur Johnsen kom upp og velti fyrir sér sektarákvæðinu. Sú upphæð er alltof lág að hans mati og það geti farið svo að lið dragi sig frekar úr keppni og borgi sektina fremur en að ferðast sem er þá orðið mun dýrara.

Sigurbjörn Árni tók undir með Rögnvaldi og Jasoni varðandi peningamálin.

Jason kom í ræðustól, skilaði inn breytingatillögunni og sagði frá því að sektarupphæðinni verði breytt á þann veg sem er raunhæfastur, þ.e. flugfargjald á ÍSÍ-verði, 8 miðar báðar leiðir RVK-AK-RVK. Það ætti að duga.

Kristján Geir Guðmundsson kom í ræðustól og vísaði þeim sem ákveða þátttökugjöldin á að þetta verði að vera þannig að lið borgi minnst í fyrstu umferð og svo koll af kalli. Þannig ætti þessi texti að vera leiðbeinandi fyrir stjórn sem ákveður sektargjöldin.

Guðrún Kristín Einarsdóttir spurði hvort verði dregið í öllum umferðum.

Sigurbjörn Árni svaraði játandi. Það yrði dregið í öllum umferðum.

Grétar Eggertsson benti á að markmiðið sé alltaf að auka fjölda liða til þátttöku. Þetta þurfi að auglýsa mjög vel og tryggja að þetta nái til allra liða – ekki eingöngu þeirra sem spila í deildakeppninni, heldur allra liða.

Breytingatillaga Jasonar borin upp og samþykkt samhljóða

Formaður Allsherjarnefndar, Stefán Jóhannesson

Nefndin fjallaði um afreksstefnu BLÍ. Stefán var ánægður með störf nefndarinnar, þarna var fólk sem hafði áhuga á því að koma að uppbyggingu á stefnunni sem er í raun í tveimur hlutum: Afreksstefna sem er almennt plagg og svo sértækur hluti fyrir landsliðin.

Tillaga nefndarinnar er sú að stjórn BLÍ skipi starfshóp, nefnd eða vinnuhóp til að ljúka málinu. Mikill áhugi kom fram um t.a.m. menntun þjálfara sem við þurfum sárlega á að halda og koma á lagginnar menntakerfi BLÍ.

Þetta er stefnumál og það þarf að vinna þetta áfram af fullum hug. Stjórn BLÍ þarf að auglýsa eftir fólki til að koma að þessu verkefni.

13. Ákveðið gjald ævifélaga

Jason Ívarsson lagði til að gjald ævifélaga verði óbreytt eða krónur 100.000. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

14. Önnur mál

Þingforseti opnaði mælendaskrá og bað menn að kynna sig jafnóðum.

Hrafnhildur Theódórsdóttir tók til máls. Kynnti það að áhugahópur hefur sett saman bréf og fengið undirritun forseta ÍSÍ, formanns BLÍ, HK og UMSK og skólameistara Flensborgarskóla um að tilnefna Albert H.N. Valdimarsson til fálkaorðunnar. Taldi þetta þarft mál og hvatti þingfulltrúa og stjórn BLÍ til að aðstoða við þetta. Einkum þá sem þekktu formann Orðunefndar, Guðna Ágústsson.

Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir tekur til máls. Þakkaði fyrir mjög svo þarft málþing sem haldið var í lok janúar en óskaði eftir samskonar málþingi um málefni yngriflokka. Þar er grasrótin og við þurfum að halda vel utan um hana, halda afreksbúðir, hæfileikabúðir og fleira. Spurning um starfshóp sem vinnur markvisst að þessum málum.

Kristján Geir Guðmundsson byrjaði á því að þakka hreyfingunni fyrir sitt framlag síðastliðið starfsár. Mikið hefur gerst og við eigum langflestu sjálfboðaliða á Smáþjóðaleikunum í blaki og strandblaki sem haldnir verða í byrjun júní.

Valgeir Hilmarsson vildi koma því til mótanefndar að lengja tímabilið. Það sé orðið það knappur tími að erfitt sé að finna helgar sem henta fyrir mótahald yngri flokka. Stefnan er að fjölga yngri iðkendum og því þurfi lengra tímabil.

Torfi Jóhannsson kom með fyrirspurn um hvar í dagskránni eigi að ræða um öldungamótið og reglugerðina þar.

Grétar Eggertsson hvatti mótanefndina til að skoða mótið í heild og jafnvel leyfa félögunum aðkomu þegar drög að niðurröðun liggi fyrir. Það hjálpi öllum að gera breytingar til að forðast að sama félag sé með karla og kvennalið að spila á heimavelli og útivelli á sama degi. Þetta gerðist í vetur en er óhentugt og tvíhöfði á föstudagskvöldi er frábær möguleiki til að gera eitthvað meira úr því.

Jason Ívarsson kom í ræðustól og sagði eitt mál hafa gleymst þar til nú. Þinggerð Öldungabingsins sem haldið var í Egilsbúð þarf að bera upp hér til samþykktar.

Þingforseti opnaði á umræður vegna þinggerðar Öldungabings.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tók til máls og sagði fullt af tillögum þarna sem eigi að keyra í gegnum ársþingið. Það þurfi að ræða þessar tillögur hér en ekki bara afgreiða þær út af dagskrá.

Jason Ívarsson tók til máls og sagði öldungamótin hafa byrjað smátt og hafa breyst frá því að vera hvolpur í stóran hund sem fáir ráða við. Hann nefndi að fyrrum formaður BLÍ, Guðmundur Oddsson, hafi sagt á ársþingi: Ekki breyta því sem samþykkt er á Öldungabingi, þá verður allt vitlaust. En samkvæmt reglugerð um öldungamótin að þá þarf að bera þessa þinggerð upp hér til samþykktar.

Sigurbjörn Árni sagðist ekki vilja þrýsta þessu í gegn án umræðu. Hann upplýsti að þeir Hannes Garðarsson hafi farið af stað í ár með þessar breytingar eftir að þeim var í raun hafnað á ársþingi BLÍ í fyrra. Eftir smávægilegar breytingar á fyrirkomulaginu komust þeir að niðurstöðu sem var svo borin upp og samþykkt á Öldungabinginu. Flest værum við öldungar hér inni og ættum við því skilja hvernig þetta virkar.

Steinn Einarsson vildi ræða tímasetningar og athuga hvort stjórn BLÍ geti eitthvað endurskoðað tímasetningu á Öldungamóti í ljósi vaxtar blaksins á Íslandi.

Jón M. Ívarsson tók til máls og sagði Öldungamótið sérkennilegt, svona einskonar ríki í ríkinu. Hann kvaðst þekkja Guðna Ágústsson og myndi styðja Albert H.N.

Þinggerð Öldungabings lögð fram og samþykkt af meirihluta þingfulltrúa.

15. Kosningar;

Kristján Geir Guðmundsson, formaður uppstillingarnefndar, lagði fram tillögur nefndarinnar. Í nefndinni voru auk hans, Grétar Eggertsson, Jón Ólafur Valdimarsson og Hildur Mósésdóttir:

Kosning til formanns BLÍ. Jason Ívarsson var sjálfkjörinn sem formaður til tveggja ára með lófataki þingfulltrúa.

Kosning tveggja meðstjórnenda til næstu tveggja ára. Árni Jón Eggertsson og Hrafnhildur Theódórsdóttir voru sjálfkjörin með lófataki þingfulltrúa.

Kosning í varastjórn. Hreggviður Norðdahl, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Steinn Einarsson og Brynja Ólafsdóttir buðu sig fram í varastjórn og var því kosið um þrjú laus sæti. Steinn Einarsson hlaut 27 atkvæði, Sigurbjörn Árni Arngrímsson 26 atkvæði og Brynja María Ólafsdóttir 25 atkvæði og voru réttkjörin í varastjórn. Hreggviður Norðdahl fékk 3 atkvæði.

Tveir skoðunarmenn reikninga: Davíð Búi Halldórsson og Hjörtur Bjarki Halldórsson voru kjörnir með lófataki.

Þingforseti þakkaði þingritara vel unnin störf og þingheimi fyrir gott þing og gaf svo Jasoni Ívarssyni formanni BLÍ orðið.

16. Þingslit

Formaður BLÍ þakkaði þingheimi það traust að kjósa sig sem formann BLÍ. Hann benti á að héðan færu þingfulltrúar út sem ein heild með það að markmiði að vinna að framgangi blaksins á landinu. Hann þakkaði þeim sem gengu úr stjórn um leið og hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Formaður þakkaði svo þingfulltrúum fyrir vel unnin störf og málefnalega umræðu. Hann þakkaði einnig framkvæmdastjóra fyrir góða vinnu við ársskýrslu sambandsins og við undirbúning þingsins. Að lokum þakkaði hann þingforseta fyrir röggsama stjórn á þingheimi og óskaði öllum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu. Svo sagði hann 41. ársþingi BLÍ slitið.

Þingi slitið klukkan 14.15.

Sævar Már Guðmundsson, þingritari.

Jón M. Ívarsson þingforseti.

Viðauki – Þingskjöl

Þingskjal #1

Rekstraráætlun fyrir 2015

	skýr	Áætlun 2015
<i>Rekstrartekjur</i>		
Framlög og styrkir.....	1	15.000.000
Mótatekjur.....	2	10.000.000
Aðrar tekjur.....	3	16.000.000
		<hr/> 41.000.000
 <i>Rekstrargjöld</i>		
Yfirstjórn.....	4	10.000.000
Íþróttaleg viðskipti.....	5	27.000.000
Kynning og fræðsla.....	6	2.000.000
Önnur gjöld.....	7	500.000
Afskriftir.....	8	500.000
		<hr/> 40.000.000
 <i>Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjá</i>		 1.000.000
 <i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur.....	9	
Vaxtagjöld.....	10	-50.000
		<hr/> (50.000)
 <i>Hagnaður (tap) ársins</i>		 <hr/> 950.000 <hr/>

Reglugerð um félagaskipti

1. gr.

Leiktíð er frá 15. september til 15. maí

2. gr.

Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og staðfestingargjald sem greiðist til BLÍ. **Stjórn BLÍ ákveður upphæð staðfestingargjaldsins fyrir 1. júní ár hvert og tilkynnir félögunum** (sjá þó 6. gr.)

3.gr.

Fullgild félagaskipti, móttokin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 8 til 16), frá 15. maí til 15. október ár hvert, taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta.

4.gr.

Félagaskipti sem lögð eru fram á skrifstofutíma eftir 15. október ár hvert taka gildi tveimur vikum eftir móttöku þeirra, að því tilskyldu að framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hafi samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta (sjá þó 6.gr.).

5.gr.

Félagaskipti sem lögð eru fram á skrifstofutíma eftir 15. febrúar ár hvert taka ekki gildi fyrr en 15. maí að því tilskyldu að framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta (sjá þó 6. gr).

6.gr.

Hafi leikmaður ekki leikið með félagi sínu í eitt ár, telst hann hlutgengur með nýju félagi um leið og fullgild félagaskipti hafa verið móttokin og samþykkt af framkvæmdastjóra eða formanni BLÍ sbr. starfsreglur vegna félagaskipta. hafi félag leikmanns verið lagt niður, þarf ekki skriflegt samþykki gamla félagsins um félagaskipti en önnur ákvæði 2.gr. skulu vera uppfyllt.

7. gr.

Leikmanni er aðeins heimilt að skipta um félag tvisvar á hverri leiktíð og jafnframt er leikmaður einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1. gr.

Sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi er talinn frá móttöku fullgildra félagaskipta skv. 2. og 4. gr. reglugerðar um félagaskipti.

2. gr.

Móttaka skjala vegna félagaskipta telst gild þegar framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ vottar hana skriflega

3. gr.

Félagaskipti taka ekki gildi fyrr en yfirlýsing um skiptin, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins hafa verið móttokin (sjá þó 6. gr. reglugerðar).

4. gr.

Stjórn BLÍ eða framkvæmdastjóra er heimilt að samþykkja félagaskipti ef yfirlýsing leikmanns, staðfestingargjald og samþykki gamla félagsins er móttækið samkvæmt reglum um móttöku skjala skv. 2. gr. reglugerðar um félagaskipti. Framkvæmdastjóra og formanni BLÍ er ekki heimilt að taka á móti félagaskiptum liðs sem þeir spila með, þjálfar, starfa hjá með öðrum hætti eða sitja í stjórn hjá. Í slíkum tilfellum skulu þeir leita til annarra stjórnarmeðlima með að staðfesta félagaskiptin.

5. gr.

Rísi upp ágreiningur um félagaskipti skal skjóta málinu til stjórnar BLÍ til úrlausnar. Sé slíkur ágreiningur, er sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi talinn frá því að málinu er skotið til stjórnar. Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að stjórn hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin hafa verið samþykkt. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Samþykkt á 43. ársþingi BLÍ, 2015 með áorðnum breytingum (feitletraðar)

Þingskjali 3 og 5 vísað til stjórnar BLÍ (má finna á heimasíðu BLÍ)

Þingskjal 4

Til 43. ársþings BLÍ, haldið í Reykjavík þann 16. maí 2015

Tillaga að breytingu á 14. grein laga BLÍ

Flutningsaðili: Stjórn BLÍ

14. gr.

Ævifélagar BLÍ geta þeir orðið sem stjórn BLÍ samþykkir. Stjórn BLÍ ákveður réttindi ævifélaga hverju sinni. Heiðursfélaga BLÍ má stjórn BLÍ kjósa ef hún er einhuga um það.

Stjórn BLÍ er heimilt að tilnefna heiðursformenn Blaksambands Íslands.

Heiðursformenn BLÍ hafa rétt til setu á ~~fundum stjórnar sambandsins~~ og á blakþingum og hafa þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Heiðursformenn BLÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Árlega skal Blakþingi vera tilkynnt um þá einstaklinga er stjórn BLÍ tilnefnir sem Heiðursformenn.

Greinargerð:

Að út falli sú heimild að Heiðursformenn BLÍ hafi rétt til setu á stjórnarfundum, það er of þungt í vöfum og á ekki við um starfsemina.

Til 43. ársþings Blaksambands Íslands, haldið í Reykjavík 16. maí 2015.

Flutningsmaður tillögu: Sævar Már Guðmundsson, framkvæmdastjóri BLÍ

Reglugerð um búninga í blaki (ný reglugerð)

1. grein

Búningar liðs skulu vera sömu tegundar í sama lit nema búningur frelsingja liðsins, hann skal vera í öðrum lit sem svipar ekki til aðallitsins. Leikmenn liðsins skulu allir vera í eins búningum sömu tegundar, þ.m.t. stuttbuxur. **Sokkar leikmanna skulu vera í sama lit. Starfsmenn liða skulu vera í samræmdum klæðnaði.** Grein þessi á við um úrvalsdeild og bikrarkeppni frá og með undanúrslitum. **Neðri deildir og yngri flokkar skulu vera í samlitum treyjum og samlitum stuttbuxum.** ~~Gildir um allar deildir og alla flokka í blaki, þ.m.t. yngri flokka.~~

2. grein

Merkingar búninga skulu vera mjög sýnilegar og í öðrum lit en búningurinn sjálfur. Búningar eru merktir með númeri frá 1-20 á miðju brjósti og á baki.

Stærðir

Breidd númers skal vera 2 cm.

Stærð á miðju brjósti: Hæð að lágmarki 15 cm

Stærð á miðju baki: Hæð að lágmarki 20 cm

Númer fyrirliða liðs skal auðkennt með striki undir númeri að framan.

Merki félagsins skal vera á vinstra brjósti að framan að lágmarki 36 cm²

~~Stuttbuxur skulu merktar með númeri á hægri skálm: hæð að lágmarki 4-6 cm~~

Stærðir byggðar á reglum Alþjóðablaksambandsins (FIVB)

3. grein

Keppnislið í Úrvalsdeild skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings.

Útliði er heimilt að nota aðalkeppnisbúning sinn nema í þeim tilfellum þegar keppnisbúningur heimaliðs er í sama eða svipuðum lit.

Liðum í deildakeppni neðar en Úrvalsdeild nægir að eiga eitt sett af búningum en þó skv. 1. og 2. grein. **Lið skulu uppfylla reglur um númeramerkingar í síðasta lagi á keppnistímabilinu 2017-2018.**

Greinargerð

Ekki eru til reglur um búninga í blaki á Íslandi og hefur því verið notast við búningareglur FIVB. Í þessum reglum er það skýrt hvernig búningar skulu merktir fyrst og fremst.

Markmiðið með að setja þessar reglur á fyrir öll lið í öllum deildum og öllum flokkum, þ.m.t. yngri flokkum er að tryggja samræmt útlit keppnisbúninga og að auðveldara verði að átta sig á því hvaða lið eru að keppa hverju sinni.

Sævar Már Guðmundsson

Þingskjal 7

Reglugerð fyrir bikarkeppni BLÍ

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu félagi í keppninni.

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik, þó skal það lið sem er í lægri deild ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum. Lið skulu deila með sér ferðakostnaði ef farið er um lengri leið en 100 km í **aðra átt**, séu innan við 500 km í **aðra átt** landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug.

3. gr. Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir **kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborg kjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi.** landslutum, Suðurland, Austurland, Norðurland og Vesturland/Vestfirðir. Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. Ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri. Þátttökugjald **skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ og liggja fyrir við skráningu ár hvert.** fyrir fyrstu umferð skal vera 5.000 krónur, fyrir aðra umferð og þær umferðir er þarf að 16-liða úrslitum 10.000 krónur og fyrir 16-liða úrslit og í úrslitaleik 20.000 krónur. Lið sem kemst áfram úr fyrstu umferð greiðir þó ekki fullar 10.000 krónur í annarri umferð heldur bætir við 5.000 krónum svo heildarþátttökugjald verði 10.000 krónur. Sama á við um lið sem komast í 16-liða úrslit, þau bæta við áður greitt gjald svo það endi í 20.000 króna þátttökugjaldi. **Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.**

4. gr. Þegar úrvalsdeildarliðin koma inn í keppnina skal dregið í 16-liða úrslit (8-liða úrslit séu liðin átta eða færri). Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við slíkan drátt til að koma fjölda liða í heilt veldi af tveimur skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

1. **Bikarmeistarar**

2. **Íslandsmeistarar**

3. Deildarmeistari úrvalsdeildar

4. Það lið sem varð í 2. sæti í **bikarkeppninni**

5. Það lið sem varð í 2. sæti í **deildarkeppni úrvalsdeildar**

6. Það lið sem varð í 3. sæti í deildarkeppni úrvalsdeildar

Og svo koll af kolli samkvæmt úrslitum í deildarkeppni úrvalsdeildar. Lið sem féll úr úrvalsdeild skal þó raðast neðar en það lið sem vann sig upp í úrvalsdeild. Nýtt lið í úrvalsdeild (ef ekkert lið fellur) skal raðast neðst. Ef fleiri en eitt nýtt lið bætist í úrvalsdeildina skal varpa hlutkesti um röð þeirra við yfirsetu.

5. gr. Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Draga skal fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleikinn og svo útilið, svo skal draga heimalið í seinni undanúrslitaleikinn og þá útilið.

6. gr. Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.

7. gr. Heimalið skal eiga rétt á að velja búning í undanúrslitum og úrslitum. Lið skulu ekki vera í sams konar lituðum búningum.

8. gr. Heimilt er að selja nafn bikarkeppinnar.